



Verk- og tímaáætlun vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul

Mai 2020

Forsendur

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Hellissandi en gestastofa á Malarrífi.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi. Hann er um 170 km² að stærð og fyrsti þjóðgarður landsins sem nær að sjó.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul eiga sæti:

- Ferðamálasamtök Snæfellsness, Olga Sædís Aðalsteinsdóttir
- Minjastofnun Íslands, Ásta Hermannsdóttir
- Náttúrustofa Vesturlands, Róbert A. Stefánsson
- Snæfellsbær, Jónína Herdís Ólafsdóttir
- Umhverfisstofnun, Sæmundur Kristjánsson, Jón Björnsson, Linda Björk Hallgrímsdóttir, Hildur Hafbergdóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir

Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Unnin hefur verið handbók sem m.a. fjallar um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Í handbókinni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlunir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan hátt. Áætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil hvað varðar bakgrunnsupplýsingar fyrir svæðið heldur verður lögð megin áhersla á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndaráðstafanir. Nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal skv. 81. gr. laga nr. 60/2013 m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Gert er ráð fyrir að gildistími áætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi hlaupandi aðgerðaáætlun sem gildir til þriggja ára í senn.

Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul ljúki í júní 2021.

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

Leiðarljós

1. Inngangur

- 1.1. Samráð
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

2. Lýsing á svæðinu

- 2.1. Mörk svæðisins
- 2.2. Náttúruminjar
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
- 2.5. Innviðir og mannvirki
- 2.6. Öryggismál
- 2.7. Fræðsla og kynning
- 2.8. Ógnir
- 2.9. Mönnuð og fjarstýrð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

3. Markmið, stefna og leiðir

- 3.1. Ástandsmat
- 3.2. Svæðisskipting
- 3.3. Náttúruminjar
- 3.4. Menningarminjar
- 3.5. Landnotkun
- 3.6. Innviðir, mannvirki og umferð
- 3.7. Öryggismál
- 3.8. Fræðsla og kynning
- 3.9. Mönnuð og fjarstýrð loftför
- 3.10. Rannsóknir og vöktun

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Viðaukar

Þá mun einnig fylgja stjórnunar- og verndaráætluninni sérstök hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára en í henni verða tímasett markmið og aðgerðir fyrir svæðin. Einnig fylgir atvinnustefna fyrir þjóðgarðinn.

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlanir. Upplýsingar um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar eru á heimasíðu Umhverfisstofnunar og auk þess eru helstu samráðsaðilar upplýstir sérstaklega um vinnuna. Einnig er ráðgert að halda fundi með hópum hagsmunaaðila á vinnslutíma áætlunarinnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir.

Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: mars – júní 2020

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Hagsmunaaðilagreining gerð.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Bréf send til samráðsaðila, sem tilgreindir eru í samráðsáætlun, um að verkefnið sé hafið.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Hagsmunaaðilagreining tilbúin.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu.

Tími: maí - október 2020

- Teknar verða saman bakgrunnsupplýsingar fyrir 1. og 2. kafla áætlunarinnar.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar sem fulltrúar Umhverfisstofnunar senda samstarfshópi til rýni.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.

Tími: ágúst 2020 – janúar 2021

- Fundir með ólíkum hagsmunaaðilum skv. hagsmunaaðilagreiningu.
- Opinn samráðsfundur.
- Hugmyndavinna, stefnumótun. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir. Hópurinn fundar eftir þörfum ásamt því að meta þörf á samráði við stofnanir, sérfræðinga og hagsmunaaðila.
- Atvinnustefna unnin.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

Afurð: Samráðsfundir. Atvinnustefna.

Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu.

4. áfangi: Greining á aðgerðum.

Tími: febrúar – mars 2021

- Hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára unnin, í samræmi við Landsáætlun um uppbyggingu innviða.
- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.

Afurð: Aðgerðaáætlun til þriggja ára.

5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.

Tími: mars – apríl 2021

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun kynnt fyrir almenningi.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.

Tími: maí 2021

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: maí- júní 2021 .

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Snæfellsbæjar.